

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 14. júní 2022.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Kolbeinn Gunnarsson.

Frá sambandinu: Ellisif Tinna Víðisdóttir, Helgi Aðalsteinsson og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Bókun 8 [2020] - Tímavinnufólk

Á grundvelli bókunar 8 frá 2020 um tímavinnufólk vinna aðilar að tillögum um jöfnun kjara og réttinda milli tímavinnufólks og annarra starfsmanna sem undir kjarasamninginn heyra.

Á þessum fundi lögðu fulltrúar SGS fram og kynntu tillögu að breytingu á samningstexta kjarasamnings aðila. Tillögurnar voru ræddar í nefndinni.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS vinna textann áfram og leggja fram til áframhaldandi umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

Fundi slitið.